

Reykjavík, 9. október 2018

## Tilkynning um óbreyttan sveiflujöfnunarauka

Hinn 1. nóvember 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um álagningu 1,25% sveiflujöfnunarauka í samræmi við 86. gr. d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.<sup>1</sup> Frá og með 1. nóvember 2017 hafa því fjármálafyrirtæki viðhaldið 1,25% sveiflujöfnunarauka nema þau sem eru undanskilin auknum. Aukanum hefur verið viðhaldið á samstæðugrunni og hefur hann tekið til innlendra áhættuskuldbindinga. Hinn 15. maí 2018 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunaraukans í 1,75% og mun hækkunin taka gildi hinn 15. maí 2019.<sup>2</sup>

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki ber fjármálastöðugleikaráði að endurskoða gildi sveiflujöfnunarauka ársfjórðungslega. Hinn 5. október 2018 beindi fjármálastöðugleikaráð tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að halda gildi sveiflujöfnunarauka óbreyttu í 1,75%.

Í tilmælum fjármálastöðugleikaráðs kemur fram að meginmarkmið sveiflujöfnunaraukans sé að stuðla að því að fjármálafyrirtæki hafi nægan viðnámsþrótt til að mæta tapi á tímum óstöðugleika í fjármálakerfinu í kjölfar óhóflegrar skuldsetningar og uppsöfnunar sveiflutengdrar kerfisáhættu. Aukann megi byggja upp þegar heildstætt mat bendi til að áhættur séu að aukast. Krafa um hann sé lækkuð eða afnumin í sameiginlegri niðursveiflu fjármála- og hagskerfisins til að auka getu fjármálafyrirtækja til að viðhalda sjálfbæru framboði lánsfjármagns. Sveiflujöfnunaraukinn taki þannig breytingum eftir þróun sveiflutengdrar kerfisáhættu. Í tilmælunum er vísað til greiningar og mats kerfisáhættunefndar, sem og þeirra vísa sem fjármálastöðugleikaráð hafði einkum til hliðsjónar við mat á gildi sveiflujöfnunarauka, og lagt til að sveiflujöfnunaraukinn verði óbreyttur að svo stöddu. Þá kemur fram að þrátt fyrir að fjármálasveiflan sé enn á uppleið, fasteignaverð hækkir enn og skuldavöxtur sækir í sig veðrið gæti nú töluverðrar óvissu um framvindu mála í ferðabjónustunni. Auk þess megi vænta að uppbyggingu sveiflujöfnunaraukans verði haldið áfram á næstu misserum samfara upptakti fjármálasveiflunnar.

Með vísan til tilmæla fjármálastöðugleikaráðs tilkynnist hér með að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 15. maí 2018 um 1,75% sveiflujöfnunarauka gildir áfram óbreytt. Aukinn skal áfram taka til innlendra áhættuskuldbindinga allra fjármálafyrirtækja, bæði hvers fyrir sig og á samstæðugrunni, nema þeirra sem eru undanskilin auknum samkvæmt 4. mgr. 86. gr. d laga um

<sup>1</sup> Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 30. september 2016.

<sup>2</sup> Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 13. apríl 2018.

fjármálafyrirtæki. Við útreikning eigin fjár sem viðhalda skal ber að líta til vegins meðaltals sveiflujöfnunarauka hér á landi og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við hlutdeild áhættuskuldbindinga í hlutaðeigandi ríkjum, sbr. 3. mgr. 86. gr. d sömu laga.<sup>3</sup>

---

<sup>3</sup> Fjármálaeftirlitið mun setja reglur sem innleiða tæknilegan eftirlitsstaðal (ESB) nr. 1152/2014 en hann kveður nánar á um útreikninginn, sbr. umræðuskjal nr. 4/2016 sem birt er á vef stofnunarinnar. Þá hefur Fjármálaeftirlitið sett reglur nr. 506/2017 sem innleiða tæknilegan eftirlitsstaðal (ESB) 2015/1555.